

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 03.10.24

Fundarstaður: Prentmet Oddi, Krókhálsi 4, 110 Reykjavík **Fundartími:** 16:30

Mætt: Jón Trausti Harðarson, Tryggvi Þór Agnarsson, Lilja Rut Benediktsdóttir og Málfríður Finnbogadóttir

Forföll: Ævar Rafn Kjartansson, Katrín Jónsdóttir, Díana Sigurfinnsdóttir og Ágúst Guðjónsson.

Dagskrá fundar:

1. Staðan í Skálholti

2. Fjáröflun

2. Önnur mál

1. Staðan í Skálholti

Staðan í Skálholti er mjög góð og kom ánægjulega á óvart þegar formaður heyrði í Skristjáni í morgun. Búið er að flísaleggja andyri og salerni alveg að verða klárt, parket komið á gólfíð í bókasafninu og kerfisloft með lýsingu. Verið að smíða eldvarnarhurðir fyrir bókasafnið og fara þær fljótlega upp ásamt stóru hurðinni inn á okkar svæði. Nú er komin pressa á okkur að koma hönnun það langt að hægt sé að fara að færa vinnuna inn á Prentsöguseturs svæðið.

Herdís er búin að stofna myndafolder undir Google photos sem heitir Prentsögusetur í Skálholti og er að byrja að setja inn myndir.

2. Fjáröflun

Kristján benti mér á að við ættum að setja okkur í samband við Árna Gunnarsson formann Verndarsjóðs Skálholts vegna styrks frá AB Möller í Danmörku. Hann hefur verið að fá styrk þaðan og þar er vitneskja um Prentsögusetur og vildi hann meina að með hans stuðningi ættum við möguleika á styrk frá þeim.

Það opnast fyrir styrkumósknir hjá Seðlabanka og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga í byrjun næsta árs og fer formaður í þau mál eftir áramót. Prentmiðlun og Svansprent ætla að styrkja okkur um sömu upphæð og áður.

3. Önnur mál

Formaður heyrði Katrínu fyrr í dag og Málfríður mætti á fundinn og þær eru að gera fína hluti heyrðist okkur og ákvað fundurinn að leggja til að 31. október fengj stjórn kynningu á þeirra vinnu og hugmyndum um innihald og útlit sýningar í því formi sem það er á þeim tíma.

Í beinu framhaldi verður gerð ný kostnaðar áætlun fyrir sýninguna.

Þær eru mjög á því að gera góða og innhaldsríka sýningu með eins litlum kostnaði og mögulegur er. Án þess að farið sé nánar út í það hér þá var rætt um að fá aðstoð frá iðnaðarmönnum tengdum stjórnarmeðlimum til að vinna með okkur við uppsetningu sýningar.

Við erum á því að eftir þennan fund höfum við fengið pressu á okkur að gefa aðeins í og við getum farið miklu jákvæðari í fjáröflun sem fer á fullt þegar við getum lýst sýningunni betur og sjáum hana fyrir okkur. Styttist í það.

Fundi slitið 17:40 // Jón Trausti Harðarson ritaði.